

Fundur Skólaráðs Lágafellsskóla 8. febrúar 2016

Mættir: Allir nema fulltrúar nemenda:

Fundarstjóri: Jóhanna Magnúsdóttir

Fundarritari: Þórhallur Ingi Jóhannsson

Dagskrá:

Stöðugildi Lágafellsskóla:

Skólastjóri fór yfir samantekt og skiptingu á stöðugildum og fjölda starfsmanna 2015 og áætlun 2016. Rætt var um almenna framsetningu á tölum og stöðugildum í tengslum við samþykkt fjárhagsáætlunar skólans og hvernig hægt væri að setja fram betri mælikvarða og hugsanlegan samanburð við aðra skóla, skólastjóri mun skoða hvað er hægt að gera.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2016: Skólastjóri fór yfir raunkostnað fyrir árið 2015 sem var innan endurskoðaðrar áætlunar eftir að tekið hafði verið tillit til kjarasamninga kennara. Rekstur skólans, Höfðabergs og Frístundar fyrir árið 2016 er áætlaður tæpar 1,1 milljarður króna.

Skóladagatal 2016/2017:

Skólastjóri fór yfir fyrstu drög að skóladagatali. Gert er ráð fyrir að dagatalið verði hefðbundið og í samræmi við fyrri ár en í skoðun er að vetrarfrí muni nú aftur skiptast í tvennt fyrir og eftir áramót, skóli verði settur þann 23. ágúst og skólaslit verði 6.-7. júní. Enn er verið að vinna í drögnum og áætlað að birta samþykkt dagatal fyrir lok febrúar.

Önnur mál:

Almennar umræður um bekkjarfulltrúa, hlutverk þeirra og virkni sem er mismikil. Foreldrafélagið heldur samskiptum við bekkjarfulltrúa og hefur stofnað samskiptagrúppu á Facebook þar sem upplýsingar um ábyrgð, verkefni og hugmyndir eru settar inn.